

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Hagsmunasamtök
Heimilanna



6. maí 2020

Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 13. mál á 150. löggjafarþingi

Vextir og verðtrygging (jöfn staða samningsaðila vegna kaupa á íbúðarhúsnæði)

Með frumvarpi þessu eru lagðar til ýmsar breytingar á skilyrðum verðtryggingar íbúðalána með því markmiði að jafna stöðu samningsaðila og tryggja fjölskyldum sanngjarnari lánskjör en til þessa hafa boðist. Hagsmunasamtök heimilanna eru hlynnt þeim markmiðum en myndu vilja ganga lengra og afnema verðtryggingu með öllu á lánum til neytenda þ.m.t. fasteignalánnum.

Samtökin hafa alla sína tíð beitt sér fyrir algeru afnámi verðtryggingar lána til neytenda, þar á meðal vegna húsnæðiskaupa. Það væri í raun afar einföld aðgerð, ekki síst nú þegar vextir hafa lækkað og útbreiðsla óverðtryggðra lána aukist. Afnám heimilda til verðtryggingar hér og nú myndi því ekki vera neinn skellur fyrir fjármálakerfið heldur eingöngu flýta fyrir þeirri þróun sem myndi svo halda áfram yfir lengra tímabil þar sem eldri verðtryggð lán myndu smám saman greiðast upp.

- o -

Virðingarfyllst,
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,

Ásthildur Lóa Þórsdóttir, formadur@heimilin.is

Guðmundur Ásgeirsson, erindreki@heimilin.is